

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Doxycyklin EQL Pharma 100 mg töflur doxycyclin

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafraeðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Doxycyklin EQL Pharma og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Doxycyklin EQL Pharma
3. Hvernig nota á Doxycyklin EQL Pharma
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Doxycyklin EQL Pharma
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Doxycyklin EQL Pharma og við hverju það er notað

Doxycyklin EQL Pharma er sýklalyf sem kemur í veg fyrir bakteríuvöxt.

Doxycyklin EQL Pharma er notað til að meðhöndla lungnabólgu, bráða versnun á langvinnri berkjubólgu, klamidíusýkingu í þvagfærum og kynfærum. Borrelía sýkingu eftir bit skógarmítills (tic bite). Doxycyklin EQL Pharma er einnig notað við bráðri skútabólgu hjá sjúklingum með ofnæmi fyrir penicillinum eða þegar meðferð með penicillinum hefur ekki skilað tilætluðum árangri.

2. Áður en byrjað er að nota Doxycyklin EQL Pharma

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Doxycyklin EQL Pharma

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir doxycyclini eða tetracyklínnum eða einhverju öðru innihaldsefni Doxycyklin EQL Pharma.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en Doxycyklin EQL Pharma er notað

- ef þú ert með skerta saltsýruframleiðslu í maganum skaltu ræða það við lækninn
- ef þú ert með langvarandi og/eða svæsinn niðurgang skaltu hafa samband við lækninn
- ef þú ert með vöðvaslensfár (sjúkdómur sem veikir vöðvana)

Tilkynnt hefur verið um alvarleg húðviðbrögð þ.m.t. útbrot af völdum lyfja með fjölgun rauðkyrninga og altækum einkennum (DRESS), og regnbogaröða, í tengslum við meðferð með Doxycyklin EQL Pharma. Hættu að nota Doxycyklin EQL Pharma og leitaðu aðstoðar læknis strax ef þú tekur eftir einhverjum einkennum tengdum þessum alvarlegu húðviðbrögðum, sem lýst er í kafla 4.

Vegna hættu á ofnæmisviðbrögðum í húð skaltu forðast sólböð, jafnvel sólböð á sólbaðsstofum, á meðan á meðferð stendur og í 5 daga til viðbótar eftir að meðferð er lokið.

Börn yngri en 8 ára skal aðeins meðhöndla með Doxycyklin EQL Pharma ef læknir hefur sérstaklega fyrirskipað það, þar sem þessi gerð lyfja (tetracyklín) getur haft áhrif á glerung í tönnum þannig að hann verði mislitur eða myndast ekki að fullu og þau geta einnig safnast upp í beinvef í vexti.

Notkun annarra lyfja samhliða Doxycyklin EQL Pharma

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, þar með talin lyf sem fengin eru án lyfseðils.

Forðast skal notkun eftirfarandi lyfja á meðan á meðferð með Doxycyklin EQL Pharma stendur:

- **sýrubindandi lyf** (meðferð við sýrubakflæði)
- **járnlyf**
- **quinapril** (við háum blóðþrýstingi)
- **didanosin** (við veirusýkingum)
- **atovaquon** (við lungnabólgu (pneumocystis carinii) og malaríu)

Eftirfarandi lyf geta minnkað áhrif Doxycyklin EQL Pharma þegar lyfin eru tekin saman:

- **kalk (kalsíum)** (á að taka að minnsta kosti 3 klst. á undan eða eftir Doxycyklin EQL Pharma)
- **rifampicin** (við berklum)
- **phenobarbital, phenytoin, carbamazepin** (við flogaveiki)
- **omeprazol, pantoprazol, lansoprazol, rabeprazol, esomeprazol** (minnka myndun saltsýru í maga)

Ef þú notar segavarnarlyf (lyf sem minnka hæfni blóðs til að storkna) samtímis langtíma meðferð, skaltu ræða við lækninn áður en Doxycyklin EQL Pharma er notað, þar sem minnka getur þurft skammt segarvarnarlyfsins.

Notkun Doxycyklin EQL Pharma með mat eða drykk

Samtímis inntaka alkóhóls getur haft áhrif á verkun Doxycyklin EQL Pharma.

Mjólk og mjólkurvörur eða önnur fæða hafa einungis óveruleg áhrif á verkun Doxycyklin EQL Pharma.

Meðganga og brjóstagið

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Hætta er á skaðlegum áhrifum á fóstur. Ekki nota Doxycyklin EQL Pharma á meðgöngu nema ef læknirinn hefur sérstaklega ávísað því.

Doxycyklin EQL Pharma berst í brjóstamjólk en ólíklegt er að það hafi áhrif á barn á brjósti.

Akstur og notkun véla

Doxycyklin EQL Pharma hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Doxycyklin EQL Pharma inniheldur mjólkursykur (laktósa)

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

3. Hvernig nota á Doxycyklin EQL Pharma

Takið lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Gleypið töflurnar með glasi af vökva. Skoran í töflunni er eingöngu til þess að hægt sé að skipta töflunni svo að auðveldara sé að kyngja henni.

Takið töflurnar með mat til að koma í veg fyrir magaóþægindi. Ekki vera útafliggjandi á meðan þú tekur töflurnar.

Venjulegur skammtur hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára: 2 töflur fyrsta daginn, síðan ein tafla á dag.

Þar sem doxycyclin er skilið hægt úr líkamanum er venjulega nóg að gefa einn skammt á dag.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið tekinn, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að taka Doxycyclin EQL Pharma

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp töflu sem gleymst hefur að taka.

Ef hætt er að nota Doxycyclin EQL Pharma

Einkenni sýkingar geta horfið jafnvel nokkrum dögum eftir að meðferð með Doxycyclin EQL Pharma er hafin, en það er *mjög mikilvægt að halda meðferðinni áfram* eins og læknirinn hefur ráðlagt. Annars er hætt á að sýkingin komi fram á ný.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hættu að taka Doxycyclin EQL Pharma og hafðu tafarlaust samband við lækinn eða næsta sjúkrahús ef þú tekur eftir einhverju af eftirtöldu:

- Dreifðum útbrotum, háum líkamshita og eitlastækkun (lyfjaútbrot með fjölgun rauðkyrninga og altækum einkennum (DRESS) eða heilkenni lyfjaofnæmis).
- Húðútbrotum, hita, öndunarerfiðleikum og/eða bólgu í andliti sem koma snögglega fram.

Látið lækinn vita tafarlaust ef einhverjar aukaverkanir sem taldar eru upp hér fyrir neðan koma fram:

- Jarisch-Herxheimer viðbrögð sem valda hita, hrolli, höfuðverk, vöðverk og húðútbrotum og ganga yfirleitt sjálfkrafa til baka. Þessi viðbrögð koma fram skömmu eftir að meðferð með doxycyclini hefst gegn spirochete sýkingum, svo sem við Lyme sjúkdómi.

Ógleði, uppköst og niðurgangur eru algengar aukaverkanir. Til að minnka þessar aukaverkanir getur þú tekið Doxycyclin EQL Pharma með mat.

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 notendum)

- Ógleði
- Uppköst
- Niðurgangur

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 notendum)

- Húðútbrot og ofsakláði
- Ofnæmisviðbrögð vegna sólarljóss (sjá einnig kaflann „Varnaðarorð og varúðarreglur“)

Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 notendum)

- Ofnæmisviðbrögð
- Fækkun á fjölda blóðflagna (blóðflagnafæð)

- Naglarlos
- Roði í húð
- Misalvarleg bólga í húð og slímhúðum
- Aukinn þrýstingur í höfði (getur valdið einkennum eins og höfuðverk og minnkaðri sjónskerpu)
- Bólga í meltingarvegi

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

- Bólga í vélinda (brjóstsviði)
- Sár í vélinda

Ofvöxtur sveppa í slímhúð í munni eða leggöngum getur stundum komið fyrir vegna áhrifa á eðlilega bakteríuflóru, og getur valdið bólgu. Hafðu samband við lækinn ef einkenni koma fram og eru til staðar í marga daga eða þér finnst þau vera alvarleg.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Doxycyclin EQL Pharma

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Doxycyclin EQL Pharma inniheldur

- Virka efnið er doxycyclin einhýdrat, sem samsvarar 100 mg af doxycyclini í hverri töflu.
- Önnur innihaldsefni eru örkristallaður sellulósi, natríum sterkjuglýkólat, hýprómellósi, laktósa einhýdrat, talkúm, magnesíum sterat, vatnsfrí kísilkvoða.

Lýsing á útliti Doxycyclin EQL Pharma og pakkningastærðir

Grágular, kringlóttar, tvíkúptar töflur með deiliskoru.

Þynnur með 10 eða 15 töflum, í pakkningum með 10, 15, 20, 30 eða 100 töflum.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

EQL Pharma AB
Stortorget 1
222 23 Lund
Svíþjóð

Framleiðandi

EQL Pharma AB, Stortorget 1, 222 23 Lund, Svíþjóð

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið
LYFIS ehf.

Sími: 534 3500

Netfang: lyfis@lyfis.is

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2025.